

09-510-2016 10 0177

Akureyrarbær
-skipulagssvið-
Geislagötu 9
600 Akureyri



29. maí 2018

Tilv.: Fyrirspurn varðandi viðbyggingu á lóðinni nr. 13 við Beykilund, 600 Akureyri.


Undirritaður vill með bréfi þessu fá fram afstöðu skipulagsyfirvalda á Akureyri varðandi hugmynd um viðbyggingu sunnan við bílgeymslu á lóðinni. Fyrirspurnin er í tveimur liðum samanber eftirfarandi:

1. Geta skipulagsyfirvöld fallist á að byggt verði sunnan við umrædda bílgeymslu eins og sýnt er á meðfylgjandi teikningu, dags. 25. maí 2018?
2. Geta skipulagsyfirvöld fallist á að viðbyggingin verði reist úr timbri (eða öðrum léttum byggingarefnum), enda verði farið að öllum kröfum um brunavarnir?

Forsendur fyrir vali á byggingarefnum ráðast af aðstæðum á byggingarstað. Aðkoma er erfið fyrir stór og þung tæki og því er mun auðveldara að byggja úr léttum eignum heldur en steinsteypu með uppslætti og fleiru sem því fylgir.

Fyrirhugað er að byggingin verði fyrst og fremst notuð sem geymsla fyrir ýmiss konar minni safnmuni og sem vinnustofa.

Virðingarfyllst.


Bjarni Kristjánsson